



Grundarfjarðarbær

Gjaldskrá vegna skólamálsverða í Grunnskóla Grundarfjarðar

Gildir frá 1. janúar 2026

1. gr.

Í grunnskólanum eiga nemendur kost á málsverði í hádeginu, fimm daga í viku, mánudag til föstudags í samræmi við opinber manneldismarkmið. Maturinn er eldaður í eldhúsi Fjölbrautarskóla Snæfellinga. Hægt er að velja milli þess að vera í áskrift mánudaga-fimmtudaga eða mánudaga-föstudaga.

2. gr.

Skólamálsverðir eru gjaldfrjálsir frá hausti 2024 í samræmi við ákvörðun bæjarráðs 27. ágúst 2024 og samþykki bæjarstjórnar 12. september 2024. Gjald fyrir ávaxtaáskrift er **1.955 kr.** á mánuði. Greitt er fyrirfram fyrir hvern mánuð og er innheimt með greiðsluseðli. Ekki er endurgreitt vegna fjarvista eða veikinda, nema þau vari lengur en eina viku samfelld.

3. gr.

Skráning í mat er hjá skólaritara. Skráning eða afskráning tekur gildi um næstu mánaðamót samkvæmt tilkynningu sem þarf að berast skólaritara fyrir 20. dag mánaðar á undan.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með vísan til 23. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og var samþykkt í bæjarstjórn 13. nóvember 2025.

Grundarfirði, 13. nóvember 2025

*Björg Ágústsdóttir
bæjarstjóri*